

Nd.

140. Frumvarp

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu Hólsá, og nær verslunarsvæðið þaðan yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir. Að norðanverðu bein lína frá hinum forna Traðarbæ í stekkjartóftina á svo nefndum Bólum, og bein sjónhending þaðan til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir óskað eftir þessari stækkun á verslunarlóðinni. Nokkur hluti þorpsins nær nú orðið út fyrir hin upphaflegu norður-takmörk verslunarlóðarinnar, og telur hreppsnefndin stækkunina nauðsynlega, vegna byggingarmála kaupsins.